



**Skýrsla Stjórna**

**PGA á Íslandi**

**Fyrir starfsárið 2013**

## Skýrsla stjórnar PGA á Íslandi fyrir starfsárið 2013

Á aðalfundi PGA á Íslandi sem haldinn var í Hraunkoti laugardaginn 02. febrúar 2013 var stjórn PGA kjörin óbreytt frá starfsárinu 2011. 6 manns buðu sig fram til stjórnarsetu og hér að neðan eru nöfn þeirra sem náðu kjöri. Sú lagabreyting tók gildi að 2 varamenn voru kjörnir til að fylla uppí skarð stjórnarmanna á fundum og reyna að tryggja að 5 aðilar sætu hvern fund. Stjórn PGA á Íslandi var þannig skipuð á starfsárinu 2013 og skiptust embætti sem hér segir.

Sigurpáll Geir Sveinsson	formaður
Jón Þorsteinn Hjartarson	gjaldkeri/ritari
Brynjar Eldon Geirsson	skólamál
Einar Lyng Hjaltason	meðstjórnandi
Ingi Rúnar Gíslason	mótamál

### Varamenn í stjórn

Ástráður Sigurðsson

Andrea Ásgrímsdóttir

Félagar voru 76 í upphafi árs en telja nú 73. Af þessum félögum eru 46 útskrifaðir golfkennarar, 9 atvinnukylfingar, 13 nemar og 5 meðlimir eru með aukaaðild. Ný andlit hafa komið inn í félagið og viljum við bjóða nýja meðlimi hjartanlega velkomna.

Störf félagsins voru með hefðbundnum hætti á árinu og voru haldnir reglulegir stjórnarfundir ásamt nefndarfundum varðandi aðkallandi verkefni. Árið 2013 var fjárhagslega nokkuð gott og var daglegur rekstur réttu megin við núllið. Agnar Már Jónsson starfaði sem framkvæmdastjóri á árinu og sá hann um að framfylgja ákvörðunum stjórnar, daglegan rekstur og aðstoð við daglegan rekstur Golfkennaraskólans. Einnig hefur borið þungann af samstarfi norðurlandþjóðanna sem mun líta dagsins ljós innan tíðar. Agnar er afar mikilvægur hlekkur í félaginu okkar og viljum við þakka honum einstaklega vel unnin störf á árinu.

## Samstarf PGA og GSÍ

Samstarf PGA og Golfsambands Íslands hefur verið gott á undanförunum árum og að okkar mati er það samstarf að eflast og aukast ár frá ári. Golfsambandið styrkir PGA á ári hverju og viljum við færa þeim þakkir fyrir það. Golfsambandið leitaði til PGA við uppsetningu mótaraðar sambandsins og erum við þakklátir fyrir að fá tækifæri að koma að mótamálum á Íslandi. Ég vil þakka Inga Rúnari og Hlyni Geir fyrir að taka þá nefndarsetu að sér.

Í mars áttu golfdagar GSÍ, PGA, Bása og Hraunkots að fara fram. Þessi viðburður átti að vera liður í að fá kylfinga til að stunda æfingasvæðin betur og einnig að laða að nýja kylfinga. PGA tók að sér að manna æfingasvæðin og kynna íþróttina þess daga. Við vorum búnir að manna dagana að mestu leyti þegar ákveðið var að fresta þessum dögum vegna mikils kulda þegar dagarnir áttu að fara fram. Vonandi taka æfingasvæðin sig saman aftur og keyra á svona daga því málefnið er gott og nauðsynlegt.

## Fyrirlestrar og námskeið

Agnar Már hélt á síðasta aðalfundi fyrirlestur um markaðslegar forsendur PGA. Eins og alltaf þá var áhugavert að hlusta á Agnar.

Brian Jensen, golfkennari Golfklúbbs Akureyrar hélt fyrirlestur og fræddi okkur um notkun Trackman. Brian notar þessa tækni frá degi til dags og er mjög hrifinn af þessu tæki. Fyrirlesturinn endaði svo á að Nökkvi Gunnars kom með Flight Scopeið sitt og tækin voru svo borin saman, bæði í máli og eins voru tækin látin mæla saman höggið og niðurstöður bornar saman. Þessi dagur var afar ánægjulegur og fróðlegur.

Mark Sweeney, eigandi og stofnandi Aimpoint kom til landsins og hélt meðal annars námskeið fyrir PGA meðlimi. Aðsóknin var nokkuð góð enda um að ræða frábært námskeið sem var mjög skemmtilegt og fræðandi. Fyrir þá sem ekki vita, þá er AimPoint formúla til þess að lesa brot í flötum og af mörgum talin besta nýjungin í golfinu undanfarin ár. Flestir kylfusveinar á PGA mótaraðinni nýta sér þessa tækni og fjöldinn allur af leikmönnum. PGA niðurgreiddi þetta námskeið fyrir félagsmenn.

## Matsnefnd

Í matsnefnd sitja Úlfar Jónsson, Jón Þorsteinn Hjartarson, Phill Hunter og Andrés Davíðsson. Á seinasta aðalfundi og í kjölfar hans kynnti matsnefnd nýtt matskerfi sem innleitt yrði á árinu fyrir félagsmenn PGA á Íslandi. Sent var út matsblað og kynning á matskerfinu, sem unnið var eftir fyrirmynd sænska PGA.

Fjórtán félagsmenn skiluðu inn matsblaði til nefndarinnar. Í haust komu þær fréttir frá Svíunum að þeir hyggðust leggja niður það kerfi sem við byggðum okkar á, og stefna að því að innleiða nýtt kerfi árið 2015. Vangaveltur voru uppi í nefndinni hvort skyldi haldið áfram með það matskerfi sem búið var að kynna, en fallist var á að við héldum okkar striki með kerfið, enda mikilvægt að félagsmönnum sé sýnilega umbunað fyrir endurmenntun sína.

Matsblaðið verður því sent aftur á félagsmenn í kjölfar aðalfundar þessa, og félagsmenn hvattir til að tína til þátttöku sína í endurmenntunarviðburðum á sínum ferli. Hlutverk nefndarinnar er einnig að stuðla að endurmenntunarviðburðum innan félagsins í samráði við stjórn PGA, og kynna aðra viðburði sem félagsmenn geta nýtt sér, t.a.m. hjá ÍSÍ.

## **Greinar í PGA á Íslandi**

PGA á Íslandi gerði samkomulag við golfsambandið árið 2010 um greinaskrif í Golf Á Íslandi. Þetta samstarf gekk vel og PGA var með greinar um golf og golfkennslu í öllum blöðum á síðastliðnu ári. Við viljum þakka þeim aðilum sem skrifuðu greinar í blaðið á árinu 2013. Þessi skrif eru mikilvægur liður í því að halda okkar félagi á lofti og kynna félagsmenn, logoið okkar og fyrir hvað við stöndum. Við munum senda út póst fljótlega ef einhver hefur áhuga á að skrifa grein og þannig koma sér á framfæri því þetta blað er gefið út í um 16.000 eintökum.

## **Fríspil PGA meðlima**

Undanfarin ár hefur PGA sent vinsamlegt bréf til allra klúbba á landinu varðandi það að leyfa okkar félagsmönnum að spila velli landsins endurgjaldslaust. Allir klúbbar hafa tekið vel í beiðni okkar og buðu okkur velkomna og viljum við færa öllum þeim klúbbum þakkir fyrir að taka vel á móti okkar félagsmönnum. Ég vil biðja ykkur félagsmenn góðir að ýta undir það í ykkar klúbbum að tekið verði vel á móti PGA félagsmönnum og minni á að upplýsingar um PGA kortin þurfa að berast til þeirra sem bóka rástíma og taka við greiðslum. Einnig vil ég minna ykkur á að láta vita fyrirfram að þið séuð með PGA kort.

## **Árสปing PGA 2013**

Aðalfundur og árleg ráðstefna PGA's of Europe var haldinn í Portúgal 10 – 13 desember. Framkvæmdastjóri PGA á Íslandi sat ráðstefnuna og aðalfundinn fyrir hönd PGA á Íslandi. Fundað var með kennslunefnd PGA út af endurmatinu sem við erum í. Það er ljóst að endurmatið er krefjandi og lykilatriði fyrir okkur að standast úttektina því nýtt menntunarkerfi er í smíðum hjá PGA's of Europe. Skólum verður skipt upp í gull silfur og brons, ef við stöndum úttektina verðum við sjálfvirktt með gullvottað kennslukerfi samkvæmt nýju drögnum.

Eins og öllum er ljóst hefur megin viðfangsefni PGA's of Europe undanfarin ár að vinna með aðildarfélögnum að leiðum til að vinna golfið í Evrópu út úr þeirri krísu sem verið hefur. Eðli málsins samkvæmt þá var þema ráðstefnunnar tengt því verkefni. Breytingin í ár var þó sú að menn eru að átta sig á virði barna- og unglिंगastarfs og var meginþungi ráðstefnunnar helgaður þeim mikilvæga málaflokki. Bandaríkjamenn eru komnir lengra en Evrópubúar á því sviði og kynntu þeir sitthvað sem gert hefur verið í Bandaríkjunum og stóð þar upp úr PGA Jr.League sem kynnt verður á aðalfundinum.

## Samnorræn ráðstefna

PGA á Íslandi var með bás ásamt öllum hinum Norðurlöndunum á the Nordic Golf Fair sem haldin var í Malmö dagana 1. til 3. október. Ferðakostnaður og hótél var greitt af aðstandendum sýningarinnar. Að frumkvæði okkar íslendinga var tækifærið notað til að halda fund með framkvæmdastjórum PGA í Svíþjóð, Danmörku, Noregi og Finnlandi auk Íslandi undir yfirskriftinni „Co-working to improve the game of golf in the Nordic countries“. Á fundinum kynntum við niðurstöður skoðunarkönnunar meðal meðlima PGA á Íslandi sem endurspeglar mikinn áhuga á norrænni samvinnu.

Niðurstaðan var sú að skoða þann möguleika að búa til dagskrá samhliða Nordic Golf Fair sem væri áhugaverð fyrir PGA meðlimi. Ræddar voru hugmyndir um það að hafa jafnframt norðurlandamót PGA kennara samhliða sýningunni og hluta af endurmenntunarkerfinu. Dagsetningarnar henta Dönum og Svíum illa því þeir keyra sína endurmenntun í þriggja daga lotu í mars.

Lögð voru drög að því að íslenskir PGA meðlimir fái þátttökurétt í þeirra kerfi. Megnið af fyrirlestrunum eru á ensku og á meðan dönsku eða sænsku fyrirlestrarnir eru væri hægt að hafa íslenskt prógram, þetta væri möguleiki ef íslenskir PGA aðilar myndu fjölmenna. Það hentar okkur betur að taka þátt í Danska endurmenntunarkerfinu því kostnaður er lægri. Niðurstaðan var sú að okkur er boðið að senda aðila út núna í mars til að taka út dagskrá og umgjörð okkur að kostnaðarlausu, PGA á Íslandi þarf því bara að standa straum af ferða og upphaldskostnaði.

## Mótamál

Mótahald fór fram með hefðbundnum hætti árið 2013. Haldin voru 4 mót sem gáfu stig til stígalista PGA á Íslandi og aðalstyrktaraðili mótaraðarinnar var Samsung og þökkum við þeim kærlega fyrir stuðninginn. Efsti kylfingur stígalistans var síðan krýndur PGA meistari 2013 og þrír efstu voru valdir til þátttöku á ITC mótinu sem haldið var í Portúgal.

Fyrsta mótið okkar var haldið hjá GKJ 31. maí og voru 12 kylfingar sem mættu til leiks í miklu roki og kulda. Úrslit urðu eftirfarandi:

1. sæti Ingi Rúnar Gíslason 76 högg
2. sæti Sigurpáll Geir Sveinsson 78 högg
3. sæti Rögnvaldur Magnússon 79 högg

PGA á Íslandi hélt hið árlega Pro-am mót í samstarfi við GKG en mótið er einnig hluti af mótariðinni okkar. Mótið fór fram 19. júní og heppnaðist í alla staði vel. Við fengum 18 lið til að taka þátt sem er sami fjöldi og árið áður. Þetta mót er orðinn fastur liður í starfsemi PGA á Íslandi og er orðið einn stærsti tekjupóstur félagsins. Framkvæmdastjóri PGA á Íslandi Agnar Már Jónsson á skilið mikið lof fyrir vinnu sína og natni í kringum mótið.

Einnig ber að þakka þeim félagsmönnum sem komu og gerðu daginn skemmtilegan og lærdómsríkann fyrir áhugamennina.

Úrslit mótsins voru þannig:

1. sæti Birgir Leifur Hafþórsson 68 högg
2. sæti Davíð Gunnlaugsson 71. Högg
- 3-5. sæti Úlfar Jónsson 72 högg
- 3-5. sæti Ólafur Hreinn Jóhannesson
- 3-5. sæti Þórður Rafn Gissurarson

Næsta mót var haldið í Leirunni og urðu úrslit eftirfarandi:

1. sæti Sigurpáll Geir Sveinsson 70 högg
2. sæti Ólafur Hreinn Jóhannesson 74 högg
3. sæti Ingi Rúnar Gíslason 75 högg

Lokamótið var síðan haldið í Grafarholtinu þar sem veðurguðirnir léku við keppendur

1. sæti Hlynur Geir Hjartarson 71 högg
- 2-3. sæti Davíð Gunnlaugsson 72 högg
- 2-3. sæti Sigurpáll Geir Sveinsson 72 högg

Fimm efstu kylfingarnir á stígalista mótaraðarinnar voru eftitaldir

Sigurpáll Geir Sveinsson 3832, stig PGA meistarinn 2013

Ingi Rúnar Gíslason 3352,5 stig

Hlynur Geir Sveinsson 3127,5 stig

Ólafur Hreinn Jóhannesson 3112,5 stig

Davíð Gunnlaugsson 3082,5 stig

Sigurpáll Geir var því krýndur PGA meistarinn 2013. Hægt er að sjá listann í heild sinni inná

facebook síðu PGA á Íslandi. Að lokum vill stjórn PGA á Íslandi vill þakka öllum þeim golfklúbbum sem lánuðu okkur velli sína kærlega fyrir.

Okkar félagsmenn voru duglegir að sækja mót Eimskipsmótaraðarinnar og stóðu sig vel þar. Það sem ber hæst er auðvitað Íslandsmeistaratitill Birgis Leifs á einu flottasta Íslandsmóti sem haldið hefur verið. Til hamingju með titilinn Birgir Leifur!

Við sendum lið á ITC mótið í Portúgal sem er haldið samhliða ársþingi EPGA. Lið PGA á Íslandi skipuðu Sigurpáll Geir Sveinsson, Ingi Rúnar Gíslason og Hlynur Geir Hjartarson. Það er skemmt frá því að segja að liðið hafnaði í 22. sæti af 26 þjóðum og lék Hlynur Geir best af okkar mönnum.

## FORSKOT

Árið 2011 var tilkynnt um að styrktarsjóður hafi verið stofnaður til að auðvelda okkar bestu kylfingum að láta draum sinn um atvinnumennsku rætast. Sjóðurinn er um 17 milljónir á ári og er þetta frábært framtak sem vonandi verður framhald á. Fyrirtækin sem standa á bakvið sjóðinn eru **Eimskip, Valitor, Icelandair, Íslandsbanki og Golfsamband Íslands**. PGA á 3 aðila í fagraði sjóðsins og vil ég þakka þeim fyrir að gefa tíma sinn fyrir félagið okkar. Ég vil nota tækifærið og þakka Golfsambandi Íslands og fyrirtækjunum fyrir að standa svona rausnarlega við bakið á okkar fremstu kylfingum.

## Að lokum

Árið 2013 var nokkuð gott ár fyrir PGA á Íslandi. Við teljum að PGA á Íslandi sé að verða öflugra félag með hverju árinu en betur má ef duga skal. Ég vil þakka stjórn PGA á Íslandi fyrir vel unnin störf á árinu þar sem verkefnin voru bæði skemmtileg og krefjandi. Við erum lítið en ört stækkandi félag með mjög verðmætan stimpil á okkar nafni og nú ber okkur að standa vörð um félagið okkar og sjá til þess að það haldi áfram að öðlast aukna virðingu innan golfgeirans.

Með vinsemd og virðingu

Sigurpáll Geir Sveinsson,  
formaður PGA á Íslandi

## Skýrsla Golfkennaraskólans fyrir starfsárið 2013

Í byrjun árs 2013 hóf 4. árgangur skólans nám. Aldrei hafa fleiri nemendur skráð sig í nám, en sextán nemendur hófu nám. Fyrstu önn af þremur lauk í maí s.l. og héldu þrettán nemendur áfram og hófu nám á annari önn í september s.l. Áætluð námslok eru vorið 2015. Stórt verkefni er lagt fyrir árganginn á þessari önn, en þá verður skipulagt Pæjugolfsverkefnið, sem 3. árgangur ýtti úr vör og framkvæmdi með sóma árið 2011. Sambærilegt verkefni verður framkvæmt í sumar, en markmiðið að efla þátttöku stúlkna og kvenna í golfi.

Skólinn er í miðju endurmatsferli hjá PGAs of Europe og eru miklar kröfur gerðar til golfkennaraskóla í Evrópu að standast ný viðmið og kröfur. Unnið er út frá sam-evrópskum menntunarstöðlum, svokölluðu European Education Level System (EELS). Mikil vinna hefur staðið yfir á undanförunum mánuðum að aðlagða skólann okkar að nýjum viðmiðum, svo skólinn haldi viðurkenningu sinni innan PGAs of Europe menntunarkerfisins. Gert er ráð fyrir á vormánuðum að við fáum heimsókn frá menntanefnd PGAs of Europe, þar sem starfssemi skólans verður tekin út.

Helstu kennarar skólans fyrir 4. árgang eru Ingi Þór Einarsson (íþróttfræði); Magnús Birgisson og Derrick Moore (golftækni); Brynjar Eldon Geirsson og Sigurpáll Geir Sveinsson (barna- og unglingaþjálfun/tí

maseðlar). Arnar Már Ólafsson er skólustjóri og Úlfar Jónsson sér um daglegan rekstur.

Í skólanefnd sitja: Arnar Már Ólafsson, Magnús Birgisson, Brynjar Eldon Geirsson, Jón Karlsson, Ingi Þór Einarsson og Úlfar Jónsson.

Að lokum viljum við koma að þakklæti til nemenda og kennara, sem og stjórn PGA og framkvæmdastjóra, fyrir góða samvinnu á árinu.

Með kveðju,

Úlfar Jónsson, Arnar Már Ólafsson





**Rekstrar og efnahagsreikningur**

**PGA á Íslandi**

**Fyrir starfsárið 2013**

**REKSTRARYFIRLIT FYRIR ÁRIÐ 2013**

		2013	2012	Mism.
<b>REKSTRARTEKJUR</b>	Skýr			
Tekjur vegna félagsgjalda		2.002.131	1.490.872	134,3%
Tekjur vegna skólagjalda		4.041.345	400.000	1010,3%
Tekjur vegna útskriftarferðar		0	735.000	0,0%
Aðrar tekjur	1	<u>2.613.764</u>	<u>2.653.373</u>	98,5%
Rekstrartekjur samtals		<u>8.657.240</u>	<u>5.279.245</u>	164,0%
<b>REKSTRARGJÖLD</b>				
Golfkennaraskóli	2	-2.617.541	-1.843.276	142,0%
Kostnaður vegna mótahalds	3	-581.749	-474.470	122,6%
Fræðslustarfssemi		-252.443	-456.047	55,4%
Ferðakostnaður	4	-901.654	-881.285	102,3%
Annar kostnaður	5	-1.992.856	-2.082.891	95,7%
Afskriftir		-60.000	-60.000	
		<u>-6.406.243</u>	<u>-5.797.969</u>	110,5%
Rekstrarhagnaður		2.250.997	-518.724	-433,9%
<b>Vextir og skattar</b>				
Fjármagnstekjuskattur		-13.631	-3.067	444,4%
Vaxtatekjur		68.157	15.339	444,3%
		<u>54.526</u>	<u>12.272</u>	444,3%
Hagnaður ársins		2.305.523	-506.452	-455,2%

**EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2013**

**EIGNIR**

		Skýr.		
<b>FASTAFJÁRMUNIR</b>				
Jakkar		180.000	240.000	75,0%
	Fastafjármunir samtals	<u>180.000</u>	<u>240.000</u>	
<b>VELTUFJÁRMUNIR</b>				
Inneign á bankareikningum	6	7.567.695	5.502.590	137,5%
Viðskiptakröfur	7	1.487.500	1.057.890	140,6%
	Veltufjármunir samtals	<u>9.055.195</u>	<u>6.560.480</u>	138,0%
<b>EIGNIR SAMTALS</b>		<u>9.235.195</u>	<u>6.800.480</u>	135,8%

**SKULDIR OG EIGIÐ FÉ**

**SKULDIR**

Skammtímaskuldir	8	4.797.247	4.668.055	102,8%
	Skuldir samtals	<u>4.797.247</u>	<u>4.668.055</u>	102,8%

**EIGIÐ FÉ**

Staða í ársbyrjun		2.132.425	2.638.877	80,8%
Hagnaður ársins		2.305.523	-506.452	-455,2%
	Eigið fé samtals	<u>4.437.948</u>	<u>2.132.425</u>	208,1%

**SKULDIR OG EIGIÐ FÉ SAMTALS**

	<u>9.235.195</u>	<u>6.800.480</u>	135,8%
--	------------------	------------------	--------

## Yfirlit um sjóðstreymi

	<u>2013</u>	<u>2012</u>
<b>Rekstrarhreyfingar</b>		
Tekjuafgangur (tap) starfsársins	2.305.523	(506.452)
<i>Rekstrarliðir sem ekki hreyfa handbært fé</i>		
Afskriftir	60.000	60.000
Hreint veltufé frá rekstri	<u>2.365.523</u>	<u>(446.452)</u>
 <i>Breytingar rekstartengda eigna og skulda</i>		
Viðskiptakröfur (hækkun)	(429.610)	
Skólagjöld ffr.gr. (lækkun)	(254.345)	3.059.834
Árgjöld (lækkun)	(41.750)	464.250
Aðrar kröfur		323.043
Viðskiptaskuldir (hækkun)	300.000	
Laun ógr		
Rekstrarkostnaður ógr (hækkun)	125.287	
Handbært fé frá rekstri	<u>2.065.105</u>	<u>3.400.675</u>
 <b>Fjárfestingarhreyfingar</b>		
Keyptir Jakkar		
 Breyting á handbæru fé	2.065.105	3.400.675
Hanbært fé í byrjun starfsársins	<u>5.502.590</u>	<u>2.101.915</u>
 <b>Hanbært fé í lok tímabilsins</b>	<u>7.567.695</u>	<u>5.502.590</u>

## Skýringar

1)		
Aðrar tekjur		
Endurmenntun	129.452	
Styrkur frá GSÍ	1.200.000	
ProAm	928.000	
PGA meistaramótið	76.312	
Styrkir vegna ITC	280.000	
	<u>2.613.764</u>	
2)		
Golfkennaraskóli		
Greiðslur fyrir kennslu	2.486.000	
Head of training summit	131.541	
	<u>2.617.541</u>	
3)		
Kostnaður vegna mótahalds		
Kostnaður v/PGA Pro/Am 2012	581.749	
	<u>581.749</u>	
4)		
Ferðakostnaður		
International Team Championship	564.410	
Aðalfundur PGA's of Europe	240.147	
The Nordic Golf Show	97.097	
	<u>901.654</u>	
5)		
Annað		
Launa og skrifstofukostnaður	1.200.000	
Kostnaður vegna aðalfundar	79.740	
Félagsskirteini	36.721	
Árgjald til PGA's of Europe	173.057	
Mótsgjöld og uppihald	243.243	
Vefsíðugerð	7.233	
Önnur Gjöld	252.862	
	<u>1.992.856</u>	
6)		
Bankareikningar		
Kaupping hlr.800800	7.567.695	
Kaupping hlr.900900	0	
Spron hlr.7103	0	
	<u>7.567.695</u>	
7)		
Viðskiptakröfur		
Ógreidd félagsgjöld	93.000	
Ógreidd skólagjöld	166.500	
Ógreiddir styrkir	1.228.000	
	<u>1.487.500</u>	
8)		
Ógreitt		
Viðskiptaskuldir	300.000	
Fyrirframgreitt vegna skólagjalda	3.909.500	
Fyrirframgreitt árgjald	422.500	
Ógreitt vegna rekstur	165.247	
Ógreitt samtals	<u>4.797.247</u>	